

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/2114****2021/EES/23/21**

frá 16. desember 2020

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 að því er varðar tímabundna framlengingu á sérstökum neyðarráðstöfunum til að bregðast við afleiðingum COVID-19-heimsfaraldursins með tilliti til vals á veitanda flugafgreiðsluþjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 24. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins hefur orðið verulegur samdráttur í flugumferð vegna þess að eftirspurn hefur minnkað til muna og sökum beinna ráðstafana sem aðildarríkin og þriðju lönd hafa gripið til í þeim tilgangi að halda heimsfaraldrinum í skefjum.
- 2) Þessar aðstæður eru flugrekendum ofviða og flugþjónusta, sem þeir þurfa að aflýsa að eigin frumkvæði eða sem þeim er gert að aflýsa, er nauðsynlegt svar við þeim aðstæðum.
- 3) Veitendur flugafgreiðsluþjónustu sjá nú fram á áframhaldandi lausafjárvanda sem gæti leitt til tímabundinnar niðurfellingar á flugafgreiðsluþjónustu. Það gæti á sama hátt haft í för með sér takmörkun eða tímabundna niðurfellingu á flugvallarþjónustu á flugvöllum í Sambandinu.
- 4) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/696 <sup>(2)</sup> var framkvæmdastjórn flugvallarins eða lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins heimilt, á tímabilinu frá 1. mars 2020 til 31. desember 2020, ef veitandi flugafgreiðsluþjónustu hættir starfsemi sinni fyrir lok tímabilsins sem hann var valinn til, að velja beint veitanda flugafgreiðsluþjónustu, sem skal veita flugafgreiðsluþjónustu í að hámarki sex mánuði eða til 31. desember 2020, hvort heldur er lengra. Með reglugerð (ESB) 2020/696 voru einnig framseldar valdheimildir til framkvæmdastjórnarinnar í því skyni að framlengja þau tímabil.
- 5) Hinn 13. nóvember 2020 lagði framkvæmdastjórnin yfirlitsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið í samræmi við 4. mgr. 24. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1008/2008.
- 6) Í yfirlitsskýrslu framkvæmdastjórnarinnar er bent á að þrátt fyrir að flugumferð hafi aukist jafnt og þétt á bilinu apríl til ágúst 2020 var þó umtalsverður samdráttur í flugumferð í september 2020 miðað við sama tímabil árið 2019. Samkvæmt gögnum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) var 63% minni flugumferð 25. nóvember 2020 en 25. nóvember 2019.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 426, 17.12.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 293, 31.10. 2008, bls. 3

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/696 frá 25. maí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu með tilliti til heimsfaraldursins af völdum COVID-19 (Stjtið. ESB L 165, 27.5.2020, bls. 1).

- 7) Jafnvel þótt erfitt sé að spá nákvæmlega fyrir um hvaða leið verði valin til að koma flugumferð í fyrra horf má með réttu ætla að staðan haldist óbreytt í náninni framtíð og fram til desember 2021. Á grundvelli nýjustu flugumferðarspár Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu (Eurocontrol) frá september 2020 má búast við 50% minni flugumferð í febrúar 2021 miðað við febrúar 2020 (að því gefnu að aðferð aðildarríkja við innleiðingu verklagsreglna fyrir flug og afléttingu landsbundinna takmarkana sé ekki samræmd). Gögn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sýna að fjöldi vikulega skráðra COVID-19-tilfella í Evrópu náði 1,77 milljónum 22. nóvember 2020 (44% nýrra tilfella á heimsvísu) sem eru umtalsvert fleiri tilfelli en vorið 2020. Gögn Sóttvarnastofnunar Evrópu sýna að staðfestum smitum á 14 daga tímabili á Evrópska efnahagssvæðinu og í Bretlandi hefur fjölgað jafnt og þétt frá því sumarið 2020. Samkvæmt vikulegri eftirlitsskýrslu frá 22. nóvember 2020 var fjöldi smita orðinn 549 (smittölur í þessum löndum eru á bilinu 58-1186) á hverja 100 000 íbúa.
- 8) Raunhæft er að líta svo á að viðvarandi samdráttur í flugumferð sé vegna áhrifa af völdum COVID-19-heimsfaraldursins. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna um tiltrú neytenda í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins kemur fram að í apríl 2020 sögðust um 60% svarenda líklegir til að ferðast á ný með flugi innan fárra mánaða eftir rénun heimsfaraldursins en það hlutfall féll niður í 45% í júní 2020. Fyrirliggjandi gögn gefa því skýrt til kynna að tenging sé á milli COVID-19-heimsfaraldursins og eftirspurnar neytenda eftir flugumferð og ekki hafa verið staðfestar neinar aðrar gildar ástæður sem gætu útskýrt minnkaða eftirspurn eftir flutningum með flugi.
- 9) Yfirlitsskýrsla framkvæmdastjórnarinnar sýnir einnig fram á að landsbundnar og ósamræmdar takmarkanir og kröfur varðandi einangrun og skimanir, sem aðildarríki hafa innleitt sem svar við fjölgun COVID-19-tilfella í Evrópu frá miðjum ágúst, oft tilkynntar með mjög stuttum fyrirvara, draga úr tiltrú neytenda og leiða til minni eftirspurnar eftir flugumferð.
- 10) Í ljósi afar fárra flugbókana, framangreindra faraldsfræðilegra spáa og flugumferðaspáa, auk óvissu og óútreiknanleika landsbundinna ráðstafana, sem miða að því að halda COVID-19-heimsfaraldrinum í skefjum, má gera ráð fyrir því að lítil flugferð og lítil eftirspurn farþega eftir henni, sem rekja má til COVID-19-heimsfaraldursins, muni haldast óbreytt út árið 2021. Ekki er búist við að flugumferð komist aftur í sama horf og fyrir COVID-19-heimsfaraldurinn fyrr en að nokkrum árum liðnum. Á þessu stigi er þó of snemmt að segja til um það hvort skerðing afkastagetu muni halda áfram í sama viðtæka umfanginu eftir 2021.
- 11) Flugafgreiðslufyrirtæki hafa orðið fyrir alvarlegum áhrifum af völdum COVID-19-heimsfaraldursins með tilheyrandi samdrætti í flugumferð. Umtalsverð fækkun flugferða frá upphafi faraldursins hefur haft neikvæð áhrif á tekjur þeirra af veitingu flugafgreiðsluþjónustu á flugvöllum í Sambandinu. Margir veitendur flugafgreiðsluþjónustu hafa því lent í fjárhagsserfiðleikum og ýmsir þeirra hafa nú þegar hafið endurskipulagningu, þegið ríkisaðstoð eða hætt starfsemi.
- 12) Á grundvelli spáa um flugumferð á komandi mánuðum eru líkur á viðvarandi erfiðum markaðsaðstæðum innan flugafgreiðslugeirans vegna takmarkaðs fjölda flugferða árið 2021. Neikvæð þróun flugumferðar mun líklega gera erfiða fjárhagsstöðu veitenda flugafgreiðsluþjónustu enn verri og hættu er á að fleiri gjaldþrot fylgi í kjölfarið. Við þær aðstæður er líklegt að fleiri veitendur flugafgreiðsluþjónustu á flugvöllum, þar sem fjöldi veitenda er takmarkaður, hætti starfsemi sinni fyrir lok tímabilsins sem þeir voru valdir til. Þetta gæti leitt til skyndilegrar truflunar á flugafgreiðsluþjónustu á þeim flugvöllum áður en hægt er að velja nýjan veitanda á grundvelli aðferðarinnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 96/67/EB.
- 13) Því er rétt að framlengja undanþágutímabilið, sem kveðið er á um í 2. mgr. 24. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1008/2008, frá 1. mars 2020 til 31. desember 2021.
- 14) Í því skyni að komast hjá réttaróvissu, einkum fyrir framkvæmdastjórn flugvallar og lögbært yfirvald aðildarríkisins, ætti að samþykka þessa reglugerð, samkvæmt þeirri flýtimeðferð sem lýst er í 25. gr. b í reglugerð (EB) nr. 1008/2008, og ætti hún að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 2. mgr. 24. gr. a í reglugerð (EB) nr. 1008/2008 kemur eftirfarandi:

„2 Ef veitandi flugafgreiðsluþjónustu hættir starfsemi sinni fyrir lok tímabilsins, sem hann var valinn til, er framkvæmdastjórn flugvallarins eða lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins heimilt, þrátt fyrir e-lið 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 96/67/EB, á tímabilinu frá 1. mars 2020 til 31. desember 2021, að velja beint veitanda flugafgreiðsluþjónustu, sem skal veita flugafgreiðsluþjónustu í að hámarki sex mánuði eða til 31. desember 2021, hvort heldur er lengra.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---